

Ferðapjónustureikningar 2000–2006

Tourism satellite accounts in Iceland 2000–2006

Samantekt

Hagstofa Íslands birtir nú í fyrsta sinn ferðapjónustureikninga fyrir Ísland samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Niðurstöður þessara reikninga sýna meðal annars að árin 2000–2006 var hlutur ferðapjónustu í landsframleiðslu að meðaltali 4,6%. Árið 2006 námu heildarkaup á ferðapjónustu innanlands tæplega 135 milljörðum króna, eða sem svarar 11,5% af landsframleiðslu. Kaupin skiptust þannig að kaup erlendra ferðamanna voru 70,6 milljarðar króna eða 6% af landsframleiðslu, neysla heimilanna var um 56 milljarðar eða 4,8% af landsframleiðslu og kaup fyrirtækja og opinberra aðila voru 8,2 milljarðar króna eða 0,7% af landsframleiðslu.

Af heildarneyslu ferðamanna innanlands árið 2006 námu kaup á flugþjónustu um 50 milljörðum króna, eða 37% af heildarneyslu ferðamanna. Kaup ferðamanna á gisti- og veitingaþjónustu voru um 26 milljarðar króna eða 19,3% af heildarferðaneyslu innanlands og skiptist hún nánast til helminga milli þessara tveggja atvinnugreina. Þjónusta ferðaskrifstofa við ferðamenn innanlands og á leið til annarra landa nam 7,7 milljörðum króna 2006 eða um 5,7% af heildarneyslu á ferðapjónustu. Sala á bensíni, viðgerðum og viðhaldi bifreiða nam 7,3 milljörðum króna og önnur þjónusta tengd farþegaflutningum 12,4 milljörðum króna. Útgjöld ferðamanna til menningar og afþreyingar námu 5,2 milljörðum króna árið 2006. Loks mælist hlutur ferðapjónustu í verslun og ýmissi annarri starfsemi 16,7 milljarðar króna.

Fjöldi erlendra ferðamanna sem sótti landið heim 2007 var samtals 485 þúsund samanborið við 303 þúsund árið 2000 og er vöxturinn því 60% á þessu árabili. Stöðugur vöxtur hefur verið í fjölda gistinátta erlendra ferðamanna á þessu tímabili, en frá 2000 hefur vöxturinn verið rúmlega 51%.

Inngangur

Í ritinu er ferðapjónusta gerð upp samkvæmt alþjóðlegum staðli um ferðapjónustureikninga

Í september 2005 skipaði samgönguráðuneytið starfshóp til að kanna grundvöll þess að útbúa hliðarreiðninga, eða Tourism Satellite Accounts (TSA), fyrir ferðapjónustu hér á landi. Ein meginniðurstaða þess starfshóps var að slíkir hliðarreiðningar væru vel gerlegir og að brýnt væri að bæta uppgjör á ferðapjónustu hér á landi. Í framhaldi af skýrslugjöf hópsins fór samgönguráðuneytið¹ þess á leit við Hagstofu Íslands að hún hæfi undirbúning að gerð slíkra reikninga og var gerður samningur þar að lútandi árið 2006. Meginniðurstöður þeirra reikninga liggja nú fyrir og eru birtar í þessu riti.

Ferðapjónusta er ekki afmörkuð atvinnugrein í venjulegri merkingu þess orðs. Í hagskýrslugerð er venjan að flokka atvinnustarfsemi eftir því hvað verið er að

¹ Í byrjun árs 2008 færðust málefni ferðapjónustu yfir til iðnaðarráðuneytisins.



framleiða en ferðaþjónusta afmarkast við kaup ferðamanna og tekur þannig mið af því hver kaupir. Ferðaþjónusta gengur því þvert á atvinnugreinar sem margar hverjar eiga viðskipti við ferðamenn og sinna jafnframt öðrum viðskiptahópum og er oft erfitt að draga skörp skil þar á milli. Með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga hefur Hagstofa Íslands greint og metið efnahagslega þýðingu ferðaþjónustu í þjóðarbúskapnum. Við þá greiningu var nauðsynlegt að setja ýmsar forsendur til þess að komast að einhlítari niðurstöðum en ella og eru þær að mestu skýrðar í aðferðalýsingu þessa rits (sjá hluta níu).

Í ferðaþjónustureikningum eru útgjöld (neysla) ferðamanna flokkuð eftir heimilisfesti ferðamanna eða með eftirfarandi hætti:

- Neysla innlendra ferðamanna innanlands (e. *domestic tourism consumption*).
- Neysla erlendra ferðamanna innanlands (e. *inbound tourism consumption*).
- Neysla innlendra ferðamanna erlendis (e. *outbound tourism consumption*).
- Ferðaneysla innanlands (e. *internal tourism consumption*) nær til neyslu innlendra og erlendra ferðamanna innanlands.
- Ferðaneysla innlendra aðila (e. *national tourism consumption*) nær til neyslu innlendra ferðamanna innanlands og erlendis.

Þá eru atvinnugreinar flokkaðar í einkennandi ferðaþjónustugreinar annars vegar og aðrar tengdar ferðaþjónustugreinar hins vegar. Í fyrri flokkinn falla greinar sem sinna gisti- og veitingaþjónustu, farþegaflutningum og ferðaskrifstofuþjónustu. Í síðari flokkinn falla greinar sem sinna afþreyingu og menningarstarfsemi, sölu bensíns, viðgerðum og viðhaldi bifreiða, þjónustu við farþegaflutninga og ýmissi verslun tengdri ferðamönnum.

Við gerð ferðaþjónustureikninga fyrir Ísland var lögð áhersla á að mæla innlenda ferðaþjónustu, sem samanstendur af útgjöldum erlendra og innlendra ferðamanna innanlands, eða með öðrum orðum að meta framlag ferðaþjónustunnar til landsframléiðslu. Í þessari vinnu var ekki lögð áhersla á að mæla og greina frekar útgjöld Íslendinga erlendis. Full ástæða er þó til að gera úttekt á þeim þætti ferðaþjónustunnar en það útheimtir mikla vinnu og umfangsmiklar athuganir. Ber þá að hafa í huga að þrátt fyrir mikla aukningu í ferðum innanlands hafa Íslendingar löngum búið við óhagstæðan ferðajöfnuð gagnvart útlöndum og gera enn.

Í ritinu er gefið yfirlit um ferðaþjónustu árin 2000–2006 frá ýmsum sjónarhornum. Í fyrsta hluta er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þar sem athyglin beinist annars vegar að útgjöldum ferðamanna eða ferðaneyslu og hins vegar að umsvifum í ferðaþjónustu. Einnig er í stuttu máli komið inn á aðrar kennitölur í ferðaþjónustu en fjárhagslegar. Í öðrum hluta er vikið að vægi ferðaþjónustunnar í landsframléiðslu og í þeim þriðja að innlendri neyslu ferðamanna. Í fjórða hluta er gerð grein fyrir framboði á ferðaþjónustu, framléiðsluvirði, aðföngum og vinnsluvirði í ferðaþjónustu. Í fimmta hluta er vikið að skattlagningu ferðaþjónustuaufurða og í þeim sjötta að hlut ferðaþjónustu í ferðatengdum atvinnugreinum. Þá er í sjöunda hluta vikið að fjölda starfa í ferðaþjónustu og í þeim áttunda eru kynntar til sögunnar ýmsar kennitölur tengdar ferðaþjónustu sem ekki eru af fjárhagslegum toga. Að síðustu er í níunda hluta í stuttu máli farið yfir hugtök og skilgreiningar að baki ferðaþjónustureikningum. Í viðauka á bls. 20 er getið um heimildir og aðferðir sem beitt hefur verið við gerð ferðaþjónustureikninga hér á landi.


1. Helstu hagtölur í ferðapjónustu

Neysla ferðamanna innanlands var tæplega 135 milljarðar króna árið 2006 eða 11,5% af landsframleiðslu

Árið 2006¹ nam neysla á innlendri ferðapjónustu um 135 milljörðum króna eða 11,5% af landsframleiðslu, eins og lesa má af mynd 1. Þar af var neysla erlendra ferðamanna rúmlega 70,6 milljarðar króna og innlendra 64 milljarðar. Af innlendum ferðamönnum var neysla heimilanna á ferðapjónustu 55,8 milljarðar króna og fyrirtækja og hins opinbera 8,2 milljarðar.

Mynd 1. Kaup og framleiðsla á ferðapjónustu innanlands 2006

Figure 1. Consumption and supply of internal tourism products 2006



Heildar kaupum á ferðapjónustu innanlands var mætt með framleiðslu á ferðapjónustu að andvirði 113 milljarða króna á grunnverði. Við það bætast vörukaup smásöluverslunnar, sem tengist ferðapjónustu, um 10 milljarðar króna og skattar að fjárhæð 11,5 milljarðar króna. Heildarframleiðsluvirðið nam því tæplega 135 milljörðum króna á markaðsvirði. Aðfanganotkun í ferðapjónustu 2006 var um 77 milljarðar króna sem þýðir að vinnsluvirði ferðapjónustu var ríflega 36 milljarðar króna á grunnvirði á því ári eða 4,1% af landsframleiðslu á markaðsvirði, en vinnsluvirði atvinnugreinar mælir hlut eða framlag hennar til landsframleiðslunnar.

Neysla erlendra ferðamanna ríflega 52% af heildarferðaneyslu innanlands 2006

Á mynd 2 eru ofangreindar hagtölur settar í innbyrðis samhengi. Greina má að árið 2006 var neysla erlendra ferðamanna 52,4% af heildarferðaneyslu innanlands og skattar á ferðavörur- og þjónustu rúmlega 10% af framleiðsluvirði í ferðapjónustu á

¹ Við könnun á neyslu ferðamanna var byggt á ferðaháttum ársins 2003 og þau neyslu- eða ferðahlutföll (*e. tourism ratios*) sem þannig fengust notuð á framleiðsluvirði hverrar ferðatengdrar atvinnugreinar til að reikna út ferðaútgjöld árána 2000–2002 og 2004–2006. Í ritinu er fyrst og fremst fjallað um árið 2006 en um 2003 þegar það á við.


grunnverði. Þá má greina að aðfanganotkun í ferðaiðnaði var rúmlega 62% af framleiðsluvirði á grunnvirði og vinnsluvirðið um 38%.

Útflutningstekjur af ferðþjónustu námu ríflega 70,6 milljörðum króna árið 2006, sem eru um 6% af landsframleiðslu. Allnokkur munur er á útflutningstekjum af ferðþjónustu, eins og þær eru mældar af Seðlabanka Íslands (SÍ), og gjaldeyristekjum vegna neyslu erlendra ferðamanna samkvæmt niðurstöðum ferðþjónustureikninga, sem stafar af mismunandi aðferðafræði við mælingar þessara þátta. Þar skiptir tvennt mestu máli. Í fyrsta lagi eru fargjaldatekjur vegna farþega sem millilenda hér á landi ekki taldar með í tölum SÍ og í öðru lagi eru færri atvinnugreinar lagðar til grundvallar við mælingu á gjaldeyristekjum vegna erlendra ferðamanna í heimildaöflun SÍ,¹ en en í ferðþjónustureikningum Hagstofunnar.

Stöðugur vöxtur hefur verið í fjölda gistinátta erlendra ferðamanna undanfarin ár, en frá 2000 hefur vöxturinn verið um 51%. Gistinætur² Íslendinga innanlands hafa vaxið um 30% á þessu tímabili. Á árinu 2006 sóttu rúmlega 422 þúsund erlendir ferðamenn landið heim samanborið við 303 þúsund árið 2000 og er vöxturinn um 40% á þessu tímabili. Árið 2007 komu 485 þúsund erlendir ferðamenn til landsins, 15% fleiri en árið áður.

Mynd 2. Helstu hagtölur í ferðþjónustu 2006 í milljörðum króna

Figure 2. Main economic tourism indicators 2006 in billion ISK



Ferðalög Íslendinga innanlands hafa aukist mikið á síðustu árum og mældist hlutfall þeirra í heildareftirspurn innlendra ferðþjónustu 48% árið 2006 og námu útgjöld þeirra 64 milljörðum króna 2006. Hlutfur heimila í útgjöldum Íslendinga á ferðalagi innanlands nam 87% árið 2003, hlutfur fyrirtækja var 8% og hins opinbera 5%.

2. Hlutfur ferðþjónustu í landsframleiðslu 2000–2006

Á árunum 2000–2006 hefur hlutfur ferðþjónustu í landsframleiðslu verið á bilinu 4,1% til 5,3% eins og lesa má af mynd 3. Mestur var hann 2002 en minnstur 2006, en að meðaltali var hann 4,6%. Þetta er heldur hærra hlutfall af landsframleiðslu en samkvæmt eldri skilgreiningu á ferðþjónustu sem var í kringum 4% á tímabilinu


¹ Tekjur eru líka flokkaðar á mismunandi hátt.

² Söfnunin tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að orlofshúsum félagasamtaka undanskildum.

2000–2004. Ferðaþjónustan hefur vaxið á svipuðum hraða og efnahagslífið í heild á umræddu tímabili þrátt fyrir að hlutfall hennar af landsframleiðslu hafi farið lækkandi og er skýringanna helst að leita í lakari viðskiptakjörum ferðaþjónustu hin síðari ár. Þannig jókst landsframleiðslan í heild um 30% á árunum 2000–2006 en vöxtur ferðaþjónustunnar var á sama tíma tæplega 27%. Þá sést að verulegur samdráttur varð í ferðaþjónustu árið 2003, en hreint vinnsluvirði greinarinnar lækkaði um rúmlega 5 milljarða króna á nafnvirði frá árinu áður.¹

Mynd 3. Hluttur ferðaiðnaðar í landsframleiðslu 2000–2006

Figure 3. Tourism industry share in GDP 2000–2006




3. Ferðaútgjöld innanlands 2000–2006

Útgjöld vegna flugþjónustu voru um 50 milljarðar króna eða 37% af heildarneyslu ferðamanna 2006.

Heildarneysla á innlendra ferðaþjónustu 2006 nam tæplega 135 milljörðum króna, eins og áður segir. Útgjöld vegna farþegaflutninga vógu þyngst eða 44% af heildarneyslu. Þar af voru útgjöld ferðamanna vegna flugþjónustu tæpir 50 milljarðar króna eins og lesa má á mynd 5, eða 84% af farþegaflutningum og um 37% af heildarneyslu ferðamanna.

Mynd 4. Ferðaútgjöld innanlands 2000–2006

Figure 4. Internal tourism consumption 2000–2006




¹ Lækkun vinnsluvirðis milli 2002 og 2003 skýrist að hluta að eðlilegri lækkun á milli árunum og að hluta vegna skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum í flugrekstri í ársbyrjun 2003.

Neysla ferðamanna á gisti- og veitingaþjónustu var um 26 milljarðar króna eða um 19,3% af heildarferðaneyslu innanlands og skiptist hún nánast til helminga milli þessara tveggja ferðagreina. Þjónusta ferðaskrifstofa nam 7,7 milljörðum króna 2006 eða 5,7% af heildarneyslu á ferðaþjónustu. Þær atvinnugreinar sem veita ofangreinda þjónustu flokkast sem einkennandi ferðaþjónustugreinar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum til aðgreiningar frá öðrum atvinnugreinum sem sinna ferðaþjónustu.

Ef vikið er að annarri starfsemi (öðrum atvinnugreinum) sem tengist ferðaþjónustu má lesa að útgjöld vegna bensíns, viðgerða og viðhalds bifreiða námu 7,3 milljörðum króna árið 2006. Þá námu útgjöld sem tengjast annarri þjónustu í farþegaflutningum 12,4 milljörðum króna, en þau hafa vaxið mikið á undanförunum árum. Þessi útgjöld tengjast aðallega hefðbundnum viðskiptum við ferðamenn, s.s. fríhafnarverslun við brottfarar- og komusvæði innan frísvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Menning og afþreying sem tengist neyslu ferðamanna nam 5,2 milljörðum króna árið 2006. Að síðustu mælist ferðaþjónusta tengd ýmissi verslun og annarri ferðaþjónustu 16,7 milljarðar króna.

Mynd 5. Neysluflokkar innlendra ferðaþjónustu 2006 í milljörðum króna¹

Figure 5. Internal tourism consumption by categories 2006 in billion ISK¹



¹ Sjá jafnframt töflu 11 í töfluviðauka. See table 11 in Table-annex for English terms.

Útgjöld erlendra ferðamanna er æði misjöfn eftir neysluflokkum

Um 52,4% af umsvifum innlendra ferðaþjónustu má rekja til erlendra ferðamanna eins og fram hefur komið og eru útgjöld þeirra nokkuð mismunandi eftir neysluflokkum (sjá mynd 6). Rúmlega 88% af viðskiptum ferðaskrifstofa tengt innlendu ferðaframboði er vegna erlendra ferðamanna, 58,5% af allri gistiþjónustu og ríflega 50% af ferðaþjónustu veitingahúsa. Tæplega 60% farþegaflutninga er þjónusta við erlenda ferðamann. Útgjöld erlendra ferðamanna vegna flugþjónustu eru um 55%, en um 76,5% eftir annarri þjónustu í farþegaflutningum. Hlutfall erlendra ferðamanna í útgjöldum vegna bílaleigubíla og annarra tækja til landflutninga er 83% en minnstur er hlutur erlendra ferðamanna í sölu bensíns, viðgerða og viðhaldi bifreið,¹ en hlutdeild þeirra er 15,7%.

Vægi erlendra ferðamanna í verslun tengdri ferðamennsku var ríflega 38%. Þar vega kaup á ullarvörum, minjagripum og bókum þyngst eða rúmlega 40%, vægi íþrótt- og útivistarvara er um 23% og fatnaður og skór vega um 18%. Á síðari

¹ Viðhald bílaleigubíla kemur fram í rekstri á bílaleigubílum.


árum hafa endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna úra og skartgripa farið vaxandi. Niðurstöður kannana meðal ferðamanna sýna jafnframt að útgjöld vegna drykkja- og matvæla hafa töluvert vægi.

Ferðaútgjöld Íslendinga innanlands hafa aukist á undanförunum árum og hefur hlutfeld þeirra í fjölda gistinguverta verið nokkuð stöðug.¹ Ferðavenjukannanir staðfesta aukinn hlut sumarhúsa og gistingar hjá ættingjum og vinum. Með vaxandi eign sumarhúsa, tjaldvagna og hjólhýsa hefur gistinguvertuleikur fjölgað. Í ferðaþjónustureikningum er nú áætlað fyrir nýtingu sumarhúsa og jafnframt eru útgjöld vegna kaupa á hjólhýsum og tjaldvögnum tekin með. Hlutfall innlendra ferðamanna í neyslu á gistinguvertu hækkar því nokkuð vegna þessa og fer í 41,5%. Vægi Íslendinga í hótulgistingu er tæp 20% en þar af er hlutur heimila um 5%.

Gera má ráð fyrir að ferðaneysla Íslendinga á veitingahúsum hafi verið rúmlega 6,5 milljarðar króna 2006 eða viðlíka og ferðaneysla erlendra ferðamanna það ár en hlutfall innlendra ferðamanna í ferðaþjónustu veitingahúsa var um 50%. Einka-bíllinn er algengasti ferðamátinn meðal landsmanna á ferð um eigið land og gera má ráð fyrir að útgjöld vegna bensíns, viðgerða og viðhalds á bílum á ferðalagi hafi verið 7,3 milljarðar króna 2006 eða um 84% af þjónustu þessarar starfsemi við ferðamenn. Ef útgjöld eru skoðuð eftir neysluflokkum eru útgjöld vegna farþegaflutninga stærsti flokkurinn eða ríflega 59 milljarðar króna alls 2006, en þar af eru útgjöld Íslendinga rúmlega 40% eða um 24 milljarðar króna, sem að stærstum hluta er vegna ferða Íslendinga til annarra landa.

Mynd 6. Hlutfall innlendra og erlendra neyslu í ferðaþjónustu 2006

Figure 6. Domestic and foreign shares in internal tourism consumption 2006¹



¹ For English terms, see table 8 in the Appendix.

Nefna má að útgjöld Íslendinga á ferðalagi erlendis voru 75,5 milljarðar króna² 2006 en þetta eru útgjöld án flutningskostnaðar til áfangastaða.

¹ Það þarf þó ekki að gefa rétta mynd af eftirspurn Íslendinga eftir innlendra ferðaþjónustu, þar sem þeir nýta fjölbreyttari gistinguvertuleika.

² Útgjöld til verslunar eru meðtalín hér.

4. Framleiðsluvirði í ferðaþjónustu 2000–2006

Vinnsluvirði ferðaþjónustu var um 48 milljarðar króna 2006 eða 4,1% af landsframleiðslu

Heildarframleiðsluvirði í ferðaþjónustu á grunnvirði var 113 milljarðar króna 2006 og aðfanganotkunin 76,8 milljarðar króna eða tveir þriðju af framleiðsluvirðinu. Mismunurinn 36,2 milljarðar króna er vinnsluvirðið á grunnvirði og er hlutur ferðaiðnaðarins í landsframleiðslunni. Að teknu tilliti til skatta, sem námu um 11,5 milljörðum króna á umræddu ári, er vinnsluvirðið á markaðsvirði um 48 milljarðar króna eða 4,1% af landsframleiðslu eins áður segir. Framleiðsluvirði ferðaþjónustu á markaðsvirði nam um 135 milljörðum króna 2006. Þar af er framleiðsluvirði í einkennandi ferðaþjónustugreinum (þ.e. í gisti- og veitingaþjónustu, farþegaflutningum og þjónustu ferðaskrifstofa) 93 milljarðar króna eða 69% af framleiðsluvirði ferðaiðnaðarins. Hlutur þessara greina í vinnsluvirði ferðaiðnaðarins er svipaður af heildarvinnsluvirði hans.

Tafla 1. Framleiðsluvirði, aðföng og vinnsluvirði í ferðaþjónustu 2006

Table 1. Output, intermediate consumption and value added in tourism 2006¹

Verðlag hvers árs, milljónir króna	Framleiðsluvirði á grunnvirði		Vinnsluvirði í ferðaþjónustu		Framleiðsluvirði á markaðsvirði
	Aðföng			Skattar í ferðaþjónustu	
Heildarvirði	113.034	76.849	36.185	11.454	134.576
Einkennandi ferðaþjónustugreinar	88.038	63.011	25.027	4.926	92.965
1. Gistiþjónusta	11.500	6.293	5.207	1.303	12.803
1.1 Hótelgisting	5.585	3.317	2.268	782	6.367
1.2 Önnur gistiþjónusta	5.915	2.976	2.939	521	6.436
2. Veitingaþjónusta	10.690	7.181	3.509	2.447	13.137
3. Farþegaflutningar	58.144	44.623	13.521	1.176	59.320
3.1 Farþegaflutningar á landi	4.227	2.552	1.675	–	4.227
3.2 Farþegaflutningar á sjó	1.934	1.527	407	–	1.934
3.3 Farþegaflutningar með flugi	49.150	38.414	10.736	586	49.737
3.4 Leiga flutningatækja	2.833	2.130	703	590	3.423
4. Ferðaskrifstofur	7.705	4.914	2.791	–	7.705
Ferðaþjónustutengdar atvinnugreinar	24.995	13.838	11.158	6.528	41.611
5. Sala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða	5.967	3.168	2.799	1.347	7.314
6. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	10.149	6.665	3.484	2.269	12.418
7. Menningarstarfsemi	2.389	988	1.401	236	2.625
8. Afþreying og tómstundastarfsemi	2.410	1.376	1.034	137	2.547
9. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn
10. Ýmis verslun tengd ferðaþjónustu ¹	4.081	1.641	2.440	2.538	16.707

¹ The English terms used in this table can be found in table 8 in the Appendix.

Hlutdeild aðfanganotkunar er mjög mismunandi eftir atvinnugreinum í ferðaþjónustu, eins og fram kemur töflu 1. Af einkennandi ferðaþjónustugreinum er það hæst í farþegaflutningum eða 77% af framleiðsluvirðinu, en lægst í gistiþjónustu eða um 55%. Hlutdeild vinnsluvirðis af framleiðsluvirði í þessum greinum er með öðrum orðum hæst í gistiþjónustu en lægst í farþegaflutningum.

¹ Framleiðsluvirði á markaðsvirði í smásöluverslun (tengdri ferðaþjónustu) er jafnt framleiðsluvirði hennar á grunnvirði að viðbættum vörukaupum hennar og vöru og þjónustu sköttum sem greinin ber.


5. Skattar á ferðaþjónustu 2000–2006

Árið 2006 námu skattar á ferðaþjónustu um 11,5 milljörðum króna, eins og lesa má í töflu 8 í töfluviðauka, eða 5,7% af heildarsköttum á vöru og þjónustu. Þar af voru skattar á einkennandi ferðaþjónustugreinar um 4,9 milljarðar króna en á aðrar tengdar ferðaþjónustugreinar um 6,5 milljarðar króna. Af þjónustu veitingahúsa eru greiddir um 2,4 milljarðar króna í skatta og af annarri þjónustu tengdri ferðaflutningum 2,3 milljarðar króna, eins og fram kemur á mynd 7.

Við samantekt á sköttum á ferðaþjónustugreinar hefur áherslan einungis verið lögð á virðisaukaskatt ferðaþjónustugreina. Ekki hafa með öðrum orðum verið dregnar saman upplýsingar um t.d. vörugjöld eða tolla sem falla á ferðaþjónustugreinar líkt og á aðrar greinar. Þá hafa ekki verið dregin saman ýmis sérgjöld sem falla á þessar ferðaþjónustugreinar, svo sem lendingargjald, öryggis- og vopnaleytingargjald, innritunargjald, afgreiðslugjald, og flugvallargjald sem eru skattar á brottfararfarþega.

Mynd 7. Skattar á ferðaþjónustu 2006 í milljörðum króna

Figure 7. Total taxes on tourism outputs 2006 in billion ISK¹



¹ For English terms, see table 8 in the Appendix.

6. Hlutar ferðaþjónustu í ferðatengdum atvinnugreinum 2000–2006

Lykilatriði við uppsetningu ferðaþjónustureikninga er að átta sig á neyslu ferðamanna í einstökum atvinnugreinum, eins og fram kemur í hluta níu. Athuga þarf hverja atvinnugrein fyrir sig og afla upplýsinga um útgjöld ferðamanna til hennar. Slík greining getur verið með margvíslegum hætti eftir atvinnugreinum, en byggist þó í aðalatriðum á mismunandi tegundum neyslukannana. Á grundvelli þeirra rannsókna eru niðurstöður fengnar um neyslu ferðamanna innan hversrar atvinnugreinar. Framleiðsluvirði hversrar atvinnugreinar byggir hins vegar á framleiðslu-uppgjöri þjóðhagsreikninga, sem aftur byggist á samræmdu skattframtali rekstraradila.

Við könnun á neyslu ferðamanna var byggt á ferðaháttum ársins 2003 og þau neyslu- eða ferðahlutföll (*e. tourism ratios*) sem þannig fengust notuð á framleiðsluvirði hversrar ferðatengdrar atvinnugreinar til að reikna út ferðaútgjöld árána 2000–2002 og 2004–2006. Eins og lesa má af töflu 2 var heildarframleiðsluvirði ferðatengdra atvinnugreina 342,6 milljarðar króna 2003, en þar af var framleiðsluvirði ferðaþjónustu 89 milljarðar króna eða 26% af heildarframleiðslu-

virðinu. Nánar sést að hlutfall ferðapjónustu í einkennandi ferðapjónustugreinum var um 42%, en aftur á móti ríflega 14% í öðrum atvinnugreinum sem tengjast ferðapjónustu.

Af einstökum atvinnugreinum í ferðapjónustu teljast 98% af gistipjónustu sem ferðapjónusta, um 30% af veitingapjónustu og 40% af farþegaflutningum. Frekari greining á farþegaflutningum sýnir að um 93% af starfsemi bílaleiga tengjast ferðamönnum, um 48,4% af farþegaflutningum á landi og ríflega 5% á sjó. Um helmingur farþegaflutninga með flugi tengist innlendri ferðaneyslu (e. *internal tourism consumption*), en afgangurinn að mestu erlendri ferðaneyslu, bæði innlendra og erlendra aðila. Ríflega 40% af þjónustu ferðaskrifstofa tengist innlendri ferðaneyslu, en nær 60% ferðapjónusta sem veitt er erlendis.

Tafla 2. Hlutur ferðaiðnaðar í vinnsluvirði ferðatengdra atvinnugreina 2003

Table 2. *Tourism contribution to tourism industries gross value added 2003¹*

Verðlag hvers árs, milljónir króna	Heildar- fram- leiðslu- virði ferða- tengdra atvinnu- greina	Heildar- fram- leiðslu- virði ferða- iðnaðar	Hlutur ferða- iðnaðar í heildar- fram- leiðslu- virði	Heildar- vinnslu- virði ferða- tengdrar atvinnu- greinar	Heildar- vinnslu- virði ferða- iðnaðar
Heildarvirði	342.649	88.983	26,0	89.172	29.977
Einkennandi ferðapjónustugreinar	145.484	60.601	41,7	41.655	20.928
1. Gistipjónusta	8.662	8.506	98,2	4.258	4.169
2. Veitingapjónusta	25.769	7.714	29,9	9.304	2.811
3. Farþegaflutningar	97.762	39.065	40,0	25.790	11.645
3.1 Farþegaflutningar á landi	8.833	4.275	48,4	4.241	2.022
3.2 Farþegaflutningar á sjó	24.970	1.287	5,2	6.629	369
3.3 Farþegaflutningar með flugi	61.843	31.534	51,0	14.075	8.467
3.4 Leiga flutningatækja	2.116	1.969	93,1	845	787
4. Ferðaskrifstofur	13.291	5.316	40,0	2.303	2.303
Ferðapjónustutengdar greinar	197.165	28.381	14,4	47.517	9.049
5. Bensín, viðg., viðhald bifreið	24.367	5.114	21,0	12.543	2.628
6. Önnur þjón. tengd farþegaflutn.	17.569	6.612	37,6	6.902	2.805
7. Menningarstarfsemi	7.555	1.937	25,6	4.454	1.147
8. Afpreying og tómstundastarfs.	7.590	1.691	22,3	4.082	745
9. Ýmis önnur þjón. við ferðamenn
10. Ýmis verslun tengd ferðapjón.	140.083	13.028	9,3	19.537	1.724

¹ The English terms used in this table can be found in table 8 in the Appendix.

Þau hlutföll hér að ofan sem sýna hlutdeild ferðapjónustu í framleiðsluvirði ferðatengdra atvinnugreina gilda að mestu leyti einnig varðandi hlut ferðapjónustu í vinnsluvirði þessara greina að undanskilinni ýmissi verslun og ferðaskrifstofum. Heildarvinnsluvirði ferðatengdra atvinnugreina var ríflega 89 milljarðar króna 2003 og vinnsluvirði ferðapjónustu 30 milljarðar króna. Þar af var vinnsluvirðið í einkennandi ferðapjónustugreinum 50,2% af heildarvinnsluvirði þeirra greina, en aftur 6% í öðrum atvinnugreinum sem tengjast ferðapjónustu.

7. Störf í ferðapjónustu 2000–2006


Á tímabilinu 2000–2006 hefur starfsmönnum í ferðapjónustu fjölgað jafnt og þétt að árinu 2002 undanskildu en þá fækkaði störfum um tæplega 300 í greininni. Á tímabilinu 2000–2006 fjölgaði starfsmönnum í ferðapjónustu um rúmlega átta

hundrað eða úr tæplega 7.400 í rúmlega 8.200. Á þessu tímabili hefur hlutdeild ferðaþjónustu í heildarvinnuafli verið svipuð eða 4,8% þrátt fyrir mikla fjölgun ferðamanna.¹

Árið 2006 störfuðu um 5.400 manns í atvinnugreinum ferðaþjónustunnar sem samkvæmt ferðaþjónustureikningum flokkast sem einkennandi ferðaþjónustugreinar, en það er rúmlega 65% af heildarmannafla ferðaþjónunnar á því ári. Í öðrum atvinnugreinum sem tengjast ferðaþjónustu störfuðu ríflega 2.800 manns.

Mynd 8. Fjöldi starfa í ferðaþjónustu og hlutfall af störfum alls 2000–2006

Figure 8. Employment in tourism and share in total employment 2000–2006



Rúmlega 2.600 manns störfuðu hér á landi við hótél- og veitingahúsarekstur 2006, en hlutdeild þeirra í vinnuafli ferðaþjónustunnar var að meðaltali 31–32% á tímabilinu 2000–2006. Ríflega 1.100 manns störfuðu í flugrekstri 2006 eða um 14% af mannafla ferðaþjónustunnar og hefur það hlutfall verið tiltölulega stöðugt á umræddu tímabili. Hins vegar hefur fjölgun starfa verið mikil í starfsemi er lítur að þjónustu við flugrekstur en í þeirri atvinnugrein hefur störfum fjölgað um rúmlega 60% frá árinu 2000. Það skýrist meðal annars af miklum vexti í flutningum á farþegum yfir Atlantshafið með viðkomu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hlutdeild ferðaskrifstofa í starfsmannafjölda ferðaþjónustunnar hefur verið nokkuð stöðug undanfarið ár, um 9%, og hlutdeild samgangna á landi og bílaleiga einnig eða á bilinu 10–11%. Í öðrum ferðtengdum atvinnugreinum vegur verslun þungt eða 10% af heildarstörfum ferðaþjónustunnar. Hlutdeild smásölu bensíns, viðgerða og viðhalds bifreiða hefur verið á bilinu 8–10% og hlutdeild menningar og afþreyingar um 7%.

8. Aðrar ferðtengdar kennitölur 2000–2006


Eins og lesa má af mynd 9 hafa útflutningstekjur af ferðaþjónustu verið um 6% af landsframleiðslu á árunum 2000–2006. Hæstar mældust þær árið 2004 en lægstar 2002. Einnig má sjá að hlutdeild útflutningstekna af heildarútflutningstekjum þjóðarbúsins hefur farið vaxandi á tímabilinu. Hún nam 15½% árið 2001 en var komin upp fyrir 19% árin 2005–2006.

¹ Upplýsingar um fjölda starfandi eru byggðar á staðgreiðslugögnum og segja til um meðalfjölda starfsmanna á ári í hverri atvinnugrein óháð vinnuframlagi þeirra.

Einnig hafa verið tölverðar sveiflur í fjölda erlendra ferðamanna sem komið hafa til landsins ár hvert. Árið 2000 fjölgaði þeim um ríflega 15% en þeim fækkaði aftur um ríflega 8% næstu tvö árin á eftir. Frá árinu 2002 hefur erlendum ferðamönnum fjölgað stöðugt eða að meðaltali 11,8% á ári. Mikill samdráttur varð í komum Íslendinga með flugi til landsins árið 2001 er þær dróust saman um 20% eða um ríflega 56 þúsund, en frá þeim tíma hafa þær vaxið stöðugt. Mestur varð vöxturinn 2003 er hann var 34% eða ríflega 80 þúsund komur. Einnig var vöxturinn mikill árið 2006 eða um 21%, en það sem svarar til ríflega 75 þúsund koma.


Mynd 9. Útflutningstekjur af ferðaþjónustu

Figure 9. Export revenue of tourism goods and services



Mynd 10. Breyting á komufjölda til landsins

Figure 10. Changes in number of arrivals to the country



Stöðugur vöxtur hefur verið í fjölda gistingu erlendra ferðamanna á umræddu tímabili, en hann hefur vaxið um 70% á tímabilinu. Gistingu útlendinga fjölgaði mest árið 2006 um 11%, en minnst um 3,7% hvort árin um sig 2000 og 2001. Meiri sveiflur hafa verið í fjölda gistingu Íslendinga.

9. Ferðapjónustureikningar; hugtök og skilgreiningar

Inngangur

Í hefðbundinni hagsýslugerð eru atvinnugreinar einkum flokkaðar með tilliti til þeirrar vöru og þjónustu sem þær framleiða. Þannig er t.d. landbúnaður sý atvinnugrein sem stendur að jarðyrkju og búfjárrækt og fataiðnaður sý atvinnugrein sem framleiðir fatnað og fylgihluti hans. Afmörkun atvinnugreina er því nokkuð skýr. Hér á landi fer flokkun atvinnugreina eftir Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT¹, sem byggist á alþjóðlegu flokkunarkerfi. Þetta flokkunarkerfi á ekki við þegar kemur að skilgreiningu ferðapjónustu þar sem þær vörur og þjónusta sem ferðamenn leita eftir eru spröttar úr fjölmörgum atvinnugreinum. Í þessum skilningi gengur ferðapjónusta þvert á atvinnugreinar og er í raun hluti af mörgum atvinnugreinum eins og sést á mynd 11.

Við uppsetningu ferðapjónustureikninga er því lykilatriði að átta sig á því hver eftirspurn ferðamanna er eftir vöru og þjónustu, en til að auðvelda slíkt hafa verið þróaðir alþjóðlegir staðlar eða svokallaðir hliðarreikningar (e. *satellite accounts*). Slíkir reikningar byggja á grunnkerfi þjóðhagsreikninga² og leggja áherslu á þær atvinnugreinar sem vega þungt í ferðapjónustu eða eru einkennandi fyrir hana, en það eru atvinnugreinar sem sinna gistingu, veitingum, samgöngum og ferðaáformum. Í þessum reikningum er einnig leitast við að draga fram samspil neyslu eða eftirspurnar ferðamanna og framboðs atvinnugreina á ferðapjónustu. Sömu leiðis er lögð áhersla á tengdar atvinnugreinar eins og menningastarfsemi og ýmiss konar afþreyingu sem einnig eru mikilvægar í þessu samhengi.

Mynd 11 Framboð og eftirspurn eftir ferðapjónustu

Figure 11 Supply and demand of tourism products

Atvinnugrein (1)	Atvinnugrein (2)	Atvinnugreinar (...)	Atvinnugrein (n)	
Framleiðsla (1)	Framleiðsla (2)	Framleiðsla (...)	Framleiðsla (n)	Eftirspurn ferðamanna
				Eftirspurn annarra en ferðamanna
Framleiðsluvirði atvinnugreina				

Með ferðareikningum er annars vegar reynt að draga fram framleiðslu- og vinnsluvirði þeirra atvinnugreina sem sinna þjónustu við ferðamenn í einhverri mynd og hins vegar hlutdeild eftirspurnar ferðamanna eftir þeirri framleiðslu. Það segir með öðrum orðum hvað hver atvinnugrein framleiðir af ferðapjónustu, eða sem kalla má ferðapjónustuhlutfall (e. *tourism ratio*) þeirrar greinar.

Í ferðapjónustureikningum er ferðapjónusta annars vegar skilgreind út frá einkennandi atvinnugreinum í ferðapjónustu³ og hins vegar atvinnugreinum sem eru minna tengdar ferðapjónustu.⁴ Þá er í ferðapjónustureikningum reynt að draga fram sérstaklega þær skatttekjur sem myndast í ferðapjónustu. Á þessum grundvelli er

¹ NACE, European Classification of Economic Activities

² The System of National Accounts, 1993.

³ E. Characteristic tourism industries/products.

⁴ Connected tourism industries/products.

hægt að mynda framleiðslureikning fyrir ferðaþjónustu eins og aðrar atvinnugreinar, reikna vinnsluvirði greinarinnar og þar með segja til um framlag hennar til landsframleiðslu.

Þótt megináðferðafræði ferðaþjónustureikninga sé eins og hér er lýst leggja þeir einnig áherslu á frekari sundurgreiningu upplýsinga. Þannig er eftirspurn ferðamanna flokkuð í erlenda og innlenda eftirspurn og sú innlenda í eftirspurn heimila, fyrirtækja og opinberra aðila. Ferðaþjónustureikningar beinast líka að útgjöldum innlendra ferðamanna erlendis, fjölda starfa í ferðaþjónustu og hve mikið er fjárfest í varanlegum rekstrarfjárumunum í greininni. Jafnframt er leitast við að draga fram skyldar upplýsingar sem gætu verið gagnlegar og til leiðbeiningar fyrir greinina, s.s. fjölda ferðamanna, dvalarlengd, fjölda fyrirtæki o.s.frv.

Ferðaþjónustureikningar (e. *tourism satellite account*)

Íslenskir ferðaþjónustureikningar byggja í meginatriðum á alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga og er staðallinn *2008 Tourism Satellite Account – Recommended Methodological Framework* (TSA:RMF 2008) eitt meginritið á því sviði. Þessi staðall er gefinn út sameiginlega af Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (UNSD), Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat), Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Heimssamtökum í ferðaþjónustu (UNWTO). Einnig er mikilvægur í þessu samhengi staðallinn *2008 International Recommendations for Tourism Statistics* (IRTS 2008) sem sömu aðilar koma að.

Ferðaþjónustureikningar snúa fyrst og fremst að mælingu á áhrifum ferðamanna á framboð og eftirspurn vöru og þjónustu eins og áður segir, en segja má að þungamiðja slíkra mælinga sé greining á *neyslu (eftirspurn) ferðamanna*. Af þessum sökum er mikilvægt að skilgreiningar á hugtökum ferðaþjónustureikninga séu skýrar, sérstaklega þær er lúta að skilgreiningu *ferðamanns* og *neyslu* hans. Í eftirfarandi texta verður farið yfir þessi tvö meginhugtök ferðaþjónustureikninga, en einnig verður vikið að flokkun ferðaþjónustugreina í einkennandi og tengdar ferðaþjónustugreinar.

Ferðamaður (e. *visitor*)

Samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu er *ferðamaður* sá aðili sem ferðast út fyrir

- hversdagsumhverfi sitt,
- dvelur þar skemur en eitt ár og
- stundar ekki launaða vinnu greidda af aðilum í því umhverfi sem hann sækir.

Tilgangur ferða getur verið margsvíslegur, s.s. skemmtun, afþreying, sumarfrí, heimsókn til vina, viðskipti, heilsumedferð, trúarathafnir og svo framvegis. Þótt neysla (eftirspurn) ferðamanna eigi sér fyrst og fremst stað meðan á ferð stendur, getur hún þó hafist áður en ferðin hefst (t.d. með kaupum á farseðlum, ferðatryggingu eða ferðatösku) og lokið eftir að ferð líkur (með t.d. framköllun mynda). Þá getur neysla á ferðaþjónustu átt sér stað þótt ferðamaðurinn sé ekki á ferð og flugi, en það á við varðandi reiknaða eiginleigu af sumarhúsi (annað heimili).

Hversdagsumhverfi (e. usual environment)

Eitt af skilyrðum þess að teljast ferðamaður er að aðili ferðist út fyrir hversdagsumhverfi sitt eins og áður segir. Hversdagsumhverfi er það umhverfi sem einstaklingur framkvæmir sínar venjubundnu athafnir (e. *activities*) en það eru staðir eins og heimili og nánasta umhverfi, vinnustaður, skóli eða aðrir staðir sem heimsóttir eru með reglubundnum hætti. Það segir sig sjálf að mörkin milli hversdags-

umhverfis og annars umhverfis eru ekki alltaf skýr, þótt mikinn hluta ferðatilvika sé auðvelt að greina. Við þessa greiningu hefur áherslan verið lögð á *tíðni* og *vegalengd*, en með *tíðni* er átt við að umhverfi sé heimsótt með reglubundnum hætti (að minnsta kosti vikulega) jafnvel þótt vegalengdin sé löng. Með *vegalengd* er átt við að nánasta umhverfi einstaklings tilheyri hversdagsumhverfi þrátt fyrir að vegalendir geti verið miklar, eða allt að 40 til 50 kílómetrar frá heimili.

Við uppgjör ferðaþjónustureikninga er mikilvægt að greina hvort ferð í frístundahús eða sumarbústað (eða annars heimilis) sé utan hversdagsumhverfis eða ekki. Í flestum tilfellum teljast þess háttar hús vera utan hversdagsumhverfis ef þau eru ekki notuð sem vinnuástaðir eða vinna er ekki sótt frá þeim.

Dvalarlengd

Annað skilyrði fyrir því að vera ferðamaður er að aðili *dvelji skemur en eitt ár* í því umhverfi utan hversdagsumhverfis sem hann fer til. Dvelji hann hins vegar lengur en eitt ár í því umhverfi telst það hversdagsumhverfi. Í ferðaþjónustureikningum er gerður greinarmunur á einsdags ferð og ferð sem tekur fleiri en einn dag.

Tilgangur ferðar

Þriðja skilyrðið fyrir því að vera ferðamaður er að *aðili stundi ekki launaða vinnu greidda af aðilum í því umhverfi sem hann sækir*. Hugtakið ferðamaður (e. *visitor*) er því mun víðtækara en hugtakið ferðalangur eða „túristi“ (e. *tourist*), sem fyrst og fremst ferðast vegna afþreyingar. Tilgangur ferða ferðamanns er mun víðtækara eins og nefnt var hér að framan.

Flokkun ferðamanna

Í ferðaþjónustureikningum eru ferðamenn flokkaðir í innlenda og erlenda ferðamenn eftir því hvort heimilisfesti þeirra er innlend eða erlend. Innlenda ferðamenn má flokka frekar eftir því hvort þeir eru fulltrúar heimila, fyrirtækja eða hins opinbera í neyslu sinni á ferðaþjónustu.

Neysla ferðamanns

Til að mæla umfang ferðaþjónustu er nauðsynlegt að geta mælt *neyslu* ferðamanna. Neyslan getur verið í formi einkaneyslu eða aðfangakaupa eftir því hvort ferðamaður er fulltrúi heimilis, fyrirtækis, velferðarstofnunar eða hins opinbera.¹ Útgjöld teljast til ferðaþjónustu séu þau innt af hendi af ferðamanni eða ofanefndum aðilum fyrir hans hönd. Unnt er að stofna til slíkra útgjalda meðan á ferð stendur svo og fyrir eða eftir ferð eins og fram hefur komið. Útgjöldin eru fyrst og fremst vegna kaupa á vöru og þjónustu en einnig kaupa á verðmætum (e. *valuables*) til eigin nota eða til gjafar. *Neysla* ferðamannsins er skilgreind með sama hætti og útgjöld hans en hún er þó víðtækari þar sem hún nær einnig til þjónustu vegna eigin sumarbústaðar eða annars frístundahúsnaðis og annarrar reiknaðrar neyslu auk vöruskipta.

Neysla ferðamanns getur verið í formi aðfangakaupa fyrirtækis eða hins opinbera sé hann að ferðast á þeirra vegum. Einnig getur hún náð til eigin framleiðslu ferðamannsins (heimilisins), en slík neysla er undir flestum kringumstæðum undanskilin í uppgjöri þjóðhagsreikninga (SNA 1993). Þó eru tvær undantekningar hér á, en það er varðandi eiginleigu húsnaðis og ráðningu þjónustufólks vegna t.d.

¹ Sé ferðamaðurinn fulltrúi fyrirtækis eða hins opinbera er um að ræða aðfangakaup við framleiðslu á vöru eða þjónustu þessara aðila.

matseldunar eða aksturs.¹ Við útreikninga á neyslu heimila á húsnæðisþjónustu er mikilvægt að telja til, auk greiðslna vegna leigu á orlofs- eða frístundahúsnæði, reiknað í gildi eiginleigu á sambærilegu húsnæði. Við slíka útreikninga leggja staðlar til að miðað sé við meðal markaðsleigu, en þetta á ekki einungis við um heimili heldur einnig frístundarhús.² Notkun á slíku húsnæði er því snar þáttur í framleiðslu og neyslu á ferðaþjónustu.³ Þá er rétt að nefna að vissar varanlegar neysluvörur (e. *single-purpose consumer durables*) eins og útilegubúnaður, tjaldvagnar, fellihýsi og frístundarbátar, eru taldar sem hluti af neysluvarningi ferðamannsins.⁴

Í ferðareikningum er neysla ferðamanna flokkuð eftir heimilisfesti ferðamanna eins og fram kom hér að ofan eða með eftirfarandi hætti:

- Neysla innlendra ferðamanna innanlands (e. *domestic tourism consumption*).
- Neysla erlendra ferðamanna innanlands (e. *inbound tourism consumption*).
- Neysla innlendra ferðamanna erlendis (e. *outbound tourism consumption*).
- Ferðaneysla innanlands (e. *internal tourism consumption*) nær til neyslu innlendra og erlendra ferðamanna innanlands.
- Ferðaneysla innlendra aðila (e. *national tourism consumption*) nær til neyslu innlendra ferðamanna innanlands og erlendis.

Flokkun í einkennandi og tengdar ferðaþjónustugreinar

Í ferðaþjónustureikningum eru atvinnugreinar í ferðaþjónustu flokkaðar í tvo meginflokka:

1. Einkennandi ferðaþjónustugreinar
2. Atvinnugreinar tengdar ferðaþjónustu

Einkennandi ferðaþjónustugreinar

Atvinnugrein er skilgreind sem einkennandi ferðaþjónustugrein ef aðalstarfsemi hennar felst í að selja og veita þjónustu beint til ferðamanna. Þannig telst innlent fyrirtæki til einkennandi ferðaþjónustugreina ef meginstarfsemi þess er að selja vöru/þjónustu til ferðamanna, eða m.ö.o. stór hluti tekna fyrirtækisins byggist á ferðamönnum. Ef ferðamönnum myndi fækka verulega kæmi það fljót fram í mun minni umsvifum og jafnvel brotthvarfi þessara fyrirtækja/atvinnugreina af markaði. Viðkomandi ferðaþjónustufyrirtæki verður annars vegar að uppfylla það skilyrði að selja vöru og þjónustu beint⁵ til ferðamannsins (hins endanlega notanda) og hins vegar að viðskiptavinirnir séu að stærstum hluta ferðamenn.⁶

Aðrar atvinnugreinar tengdar ferðaþjónustu

Það er vel þekkt að stór hluti af útgjöldum ferðamanna hér á landi rennur til annarra atvinnugreina en þeirra sem falla undir skilgreininguna hér að ofan og sum fyrirtæki selja ekki „ferðavörur“ en hafa þó nokkurn hag af viðskiptum við ferða-

¹ Í erlendum samanburði verður að hafa fyrirvara varðandi þennan lið þar sem meðferð hans er mjög ólík milli landa.

² Þessir útreikningar eiga bæði við varðandi framleiðslu og neyslu á húsnæðisþjónustu.

³ Í TSA:RMF 2008 segir að ekki skipti máli fyrir uppgjör á framleiðslu eða neyslu þessarar þjónustu hvort sumarhúsið sé notað eða ekki á því tímabili sem ferðareikningarnir ná til.

⁴ Í viðauka 5 í TSA-RMF 2008 eru taldar upp varanlegar neysluvörur sem falla hér undir.

⁵ RMF (e. *clear link between the provider of the service and an individual*).

⁶ Á ákveðnum árstíma getur fyrirtæki uppfyllt það skilyrði að stærsti hluti viðskiptavina séu ferðamenn en á öðrum ekki.

menn. Dæmi um slík fyrirtæki er þau sem versla með nýlenduvörur, áfengi, bensín, viðgerðajónusta og þess háttar.

Töfluverk ferðajónustureikninga

Við uppsetningu ferðajónustureikninga samkvæmt alþjóðlegri forskrift er lögð áhersla á 10 mismunandi töflur, þar sem fram eiga að koma upplýsingar um neyslu og framleiðslu í ferðajónustu ásamt vinnuafslnotkun og fleiru. Í töflum 1.–4. er lögð áhersla á að mæla neyslu ferðamanna frá ýmsum sjónarhornum (sjá mynd 12), s.s. eftir neysluflokkum og ferðahópum.

Í töflum 5 og 6 koma fram upplýsingar um framleiðslu og framboð af ferðajónustu eftir atvinnugreinum og er áherslan á helstu atvinnugreinar ferðajónustunnar og helstu vörur og þjónustu sem þær framleiða eða bjóða fram. Í töflu 7 er yfirlit um starfsmannafjölda og í töflu 8 er yfirlit yfir fjárfestingu í ferðajónustu. Í töflu 9 er að finna samneyslu hins opinbera í ferðajónustu og í töflu 10 koma fram ýmsar upplýsingar um ferðajónustu, sem ekki eru af fjárhagslegum toga, s.s. fjölda ferðamanna, gististaða og gistinátta.

Mynd 12 Töfluverk ferðajónustureikninga

Figure 12 Core tables in the Tourism Satellite Accounts¹

	Tafla 1	Tafla 2	Tafla 3	Tafla 4	Tafla 5	Tafla 6	Tafla 7	Tafla 8	Tafla 9	Tafla 10
Ferðajónustuneysla alls (A.1+A.2)										
A. Neysla á ferðajónustu										
A.1 Neysla á einkennandi ferðajónustu										
1. Gistipjónusta										
2. Veitingajónusta										
3. Farþegaflutningar á landi										
4. Farþegaflutningar á sjó										
5. Farþegaflutningar með flugi										
6. Leiga flutningatækja, bílaleigur ofl.										
7. Ferðaskrifstofur										
A.2 Neysla á ferðatengdri þjónustu										
8. Smásala á bensíni, viðgerðir, viðhald										
9. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum										
8. Menningarstarfsemi										
9. Afþreying og tómstundastarfsemi										
10. Ýmis önnur þjónsuta við ferðamenn										
11. Ýmis verslun tengd ferðajónustu										
A.3 Neysla ótengd ferðajónustu										

Heildarútgjöld til ferðajónustu ná bæði til ferðaútgjalda erlendra aðila innanlands og innlendra aðila innanlands og erlendis.

Á mynd 13 má sjá heildarframleiðsluvirði ferðatengdra atvinnugreina árið 2003, en það nam 342,6 milljörðum króna á grunnvirði og 386,4 milljörðum króna á markaðsvirði. Einnig má lesa heildarframleiðsluvirði ferðajónustu á bæði grunn- og markaðsvirði. Þá eru í myndinni upplýsingar um ferðajónustuhlutföll einstakra greina, en þar má m.a. sjá að ferðajónustuhlutfall ferðatengdra atvinnugreina nam 26% árið 2003.

¹ See the table structure in 2008 Tourism Satellite Account – Recommended Methodological Framework (TSA:RMF 2008).

Mynd 13 Ferðapjónustuhlutföll í ferðaiðnaði og ferðatengdum atvinnugr.

Figure 13 Tourism ratio in characteristic and connected tourism industries¹

Árið 2003		Atvinnugreinar								P.1	Skattar	Σ
		1	2	3	4	5	6	7	8			
		Gististaðir	Veitingastaðir	Samgöngur	Ferðaskrifstofur	Sala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða	Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	Menningar- og tómstundastarfsemi	Ýmis verslun tengd ferðapjónustu			
Vörur og þjónusta	Heildarframleiðsluvirði ferðaiðnaðar	8.506	7.714	39.065	5.316	5.114	6.612	3.628	13.028	88.983	8.839	97.822
	Heildarframleiðsluvirði sem ekki er ferðatengt	156	18.055	58.697	7.974	19.253	10.958	11.517	127.055	253.666	34.900	288.567
	Framleiðsluvirði ferðatengdra atvinnugreina	8.662	25.769	97.762	13.291	24.367	17.569	15.145	140.083	342.649	43.739	386.388
	Ferðapjónustuhlutfall	98,2%	29,9%	40,0%	40,0%	21,0%	37,6%	24,0%	9,3%	26,0%	20,2%	25,3%

¹ See the table structure in 2008 *Tourism Satellite Account – Recommended Methodological Framework* (TSA:RMF 2008).

Ferðapjónustureikningar fyrir Ísland

Sérstakt uppgjör á því hvernig útgjöld eða viðskipti ofangreindara ferðamanna (innlendra og erlendra) skiptast niður á hinar ýmsu vörutegundir og milli atvinnugreina liggur ekki fyrir hér á landi. Helsta ástæða þess er sú að slíkt uppgjör krefst sérstakrar gagnaöflunnar, rannsókna og kannana sem eru viðamiklar og dýrar. Af þessum sökum er ekki tiltækt talnaefni í heildstæða skýrslu sem sýnir öll töfluyfirlit í anda alþjóðlegrar forskriftar. Hins vegar hefur allmikið efni verið unnið og hluti þess birtist í þessari skýrslu og er mikilvægur grunnur fyrir næstu áfanga ef vilji er fyrir hendi.

Megináherslan hér á landi eins og víða annars staðar hefur verið lögð á að mæla innlenda ferðapjónustu. Eins og fyrr segir samanstandur hún af útgjöldum erlendra og innlendra ferðamanna innanlands, en þar reiknast einnig þjónusta við innlenda ferðamenn á leið til útlanda. Ekki hefur verið lögð áhersla á að mæla og greina útgjöld innlendra aðila erlendis í þessari skýrslu en Íslendingar hafa löngum verið nettó innflytjendur á ferðapjónustu.

Birtar eru upplýsingar um undirþætti innlendar ferðapjónustu og skiptingu hennar niður á erlenda og innlenda ferðamenn og sömuleiðis niður á heimilin í landinu,

fyrirtækin og hið opinbera. Jafnframt eru birtar upplýsingar um störf í ferðaþjónustu og aðra þætti sem ekki eru af fjárhagslegum toga en eru áhugaverða til að sýna umfang ferðaþjónustu.

Í þessari skýrslu liggur fyrir breytt og bætt skilgreining á ferðaþjónustu og á grundvelli hennar hafa jafnframt komið fram hugmyndir um hvernig hægt sé að bæta heimildir og upplýsingaöflun. Þetta mætti e.t.v. gera með því að útvíkka rannsóknir Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna og fjölga ferðavenjുകönnunum sem væri mikilvægur áfangi í frekari þróun og vinnslu ferðaþjónustureikninga.

Viðauki: Heimildir og aðferðir

Lykilatriði við gerð ferðþjónustureikninga er greining eða mat á neyslu ferðamanna í ferðatengdum atvinnugreinum eins og fram kom í hluta níu. Við slíka greiningu er auk rannsókna á umfangi ferðþjónustu í mismunandi ferðagreinum lögð áhersla á að greina ferðaútgjöld á ferðamannahópa, þ.e. í (1) neyslu erlendra ferðamanna, (2) neyslu innlendra ferðamanna innanlands og (3) neyslu innlendra ferðamanna erlendis. Neysla innlendra ferðamanna er sundurliðuð frekar í neyslu heimila, fyrirtækja og hins opinbera.

Við gerð ferðþjónustureikninga er reynt að nýta sem best tiltækar upplýsingar úr verki þjóðhagsreikninga, eins og einkaneyslurannsóknir, greiðslujafnarreikninga og framleiðsluuppjör. Auk þess hefur reynt nauðsynlegt að afla upplýsinga með sérsmíðuðum könnunum. Þær þjóðir sem lengst eru komnar á þessu sviði gera umfangsmiklar kannanir og rannsóknir til að nálgast grunnöggn um ferðaútgjöld til að skýra neyslulutföll ferðamanna í einstökum ferðatengdum atvinnugreinum.

Við uppsetningu ferðþjónustureikninga er almenna reglan sú að leggja áherslu á vöruflokka annars vegar og atvinnugreinar hins vegar við greiningu á framleiðslu og neyslu á ferðþjónustu eins og fram kemur í hluta níu. Mjög mismunandi er þó milli landa hversu sundurliðaðir vörureikningar eru á þessu sviði. Hér á landi hafa vörureikningar ekki verið notaðir við gerð þjóðhagsreikninga og ekki liggja fyrir umfangsmiklar kannanir eða rannsóknir á neyslu ferðamanna. Það þurfti því að nálgast greininguna með tölvert öðrum hætti. Eins og *TSA:RMF 2008* mælir með var stuðst við tiltækar upplýsingar innan þjóðhagsreikninga og við niðurstöður úr könnunum. Jafnframt hefur verið leitað samstarfs við fyrirtæki í ferðþjónustu og þau beðin um að greina viðskiptamenn eftir tegund ferðamanna og öðrum neytendum. Á grundvelli þessara athuganna var neysla ferðamanna innan hvernar atvinnugreinar áætluð og þar með ferðþjónustulutföll í ferðatengdum atvinnugreinum.

Ákveðið var að leggja árið 2003 til grundvallar og vinna nákvæmar upplýsingar fyrir það ár. Helstu ástæður þess voru að fyrir það ár lágu bæði fyrir niðurstöður úr rannsókn á útgjöldum heimila og uppruna- og ráðstöfunartöflur.

Í eftirfarandi texta er gerð nánari grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar voru við uppsetningu ferðþjónustureikninga hér á landi.

A. Framleiðsla í ferðþjónustu

Heimildir: Framleiðsluvirði í ferðþjónustugreinum á grunnvirði er samkvæmt framleiðsluuppjöri þjóðhagsreikninga og byggist á samræmdu skattframtali rekstraraðila. Sömu heimildir eru fyrir upplýsingar um aðföng og vinnsluvirði þessarar framleiðslugreinar. Til að nálgast framleiðsluvirðið á markaðsvirði eru upplýsingar um virðisaukaskatt nauðsynlegar og eru þær unnar á grundvelli *virðisaukaskattsskýrslna*.

Reiknaðar stærðir: Framleiðsluvirði í gistiþjónustu á markaðsvirði er áætlað út frá upplýsingum um virðisaukaskattskylda veltu í mismunandi skattþrepum sem bætt er við framleiðsluvirðið á grunnvirði. Veitingaþjónusta á hótelum er skilin frá gistiþjónustu þeirra og flokkuð með veitingaþjónustu.¹

¹ Á grundvelli upplýsinga úr samræmda skattframtalinu (en þar er að finna sundurliðun á veltu í tvö í virðisaukaskattþrep, þ.e. 14% sem er þá sala á gistingu og 24,5% sem er sala á annarri vöru eða þjónustu) er fundin *hrein gisting* í atvinnugrein 55.11 Hótel með veitingasölu. Til einföldunar er öll velta í hærra skattþrepinu flokkuð sem veitingasala þrátt fyrir að þar geti leynst sala á þjónustu á öðrum sviðum.

B. Neysla á ferðaþjónustu

1. Gistipjónusta

Heimildir um neyslu á gistipjónustu eru eftirfarandi: (1) Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, samantekt (kannanir) unnin fyrir Hagstofu Íslands desember 2007 (RRF), (2) Rannsókn á útgjöldum heimilanna (RÚH),¹(3) Gistináttaskýrslur Hagstofu Íslands, (4) Samræmt skattframtal rekstaraðila, (5) Ríkisskattstjóri, upplýsingar um framtalda dagpeninga, (6) Fjársýsla ríkisins, (7) Sveitasjóðareikningar og beinar bókhaldsupplýsingar frá Reykjavíkurborg, (8) Radison SAS, (9) Farfluglaheimili Reykjavíkur og (10) Upplýsingar sem bárust frá starfandi fyrirtækjum í gisti- og veitingahúsarekstri.

Aðferðir: Mismunandi athuganir studdu og staðfestu ágætlega hver aðra. Á grundvelli ofangreindra heimilda voru útgjöld vegna gistipjónustu flokkuð niður á ferðamenn annars vegar og aðra en ferðamenn hins vegar. Útgjöld vegna ferðamanna voru brotin frekar niður á (1) heimili, (2) starfsmenn fyrirtækja, velferðarstofnana og hins opinbera og (3) erlenda ferðamenn. Útgjöld annarra en ferðamanna vegna gistipjónustu eru útgjöld aðila sem eru í hversdagsumhverfi (sbr. kafla níu), eins og til dæmis útgjöld vinnuflokka og brúðhjóna, en þess háttar útgjöld flokkast ekki með ferðaútgjöldum.

Rammi 1: Frekari lýsing á greiningu ferðaútgjolda í gistipjónustu

Eftirfarandi flokkunarkerfi voru samræmd, þ.e. ÍSAT95, flokkun gististaða í gistináttaskýrslum og flokkun á Rannsókn á útgjöldum heimila. ÍSAT-flokkunin er nokkuð grófari en hinar svo skipta þurfti atvinnugrein 55.23 Bændagisting, orlofshús o.þ.h., í samræmi við innbyrðis hlutföll í RÚH könnuninni. Ferðaþjónustuhlutföll (e. *tourism ratio*) í gistipjónustu og skiptingu niður á ferðamannahópa var fundið á eftirfarandi hátt:

1) Ferðaútgjöld heimila á gistipjónustu

Útgjöld vegna gistipjónustu koma úr RÚH og úr könnunum frá RRF. Jafnframt var stuðst við upplýsingar um hlutfall Íslendinga í gistináttaskýrslum Hagstofu Íslands og við upplýsingar sem bárust frá starfandi fyrirtækjum í atvinnugreininni um hlutfall Íslendinga í viðskiptamannahópi viðkomandi fyrirtækis. Niðurstaðan er að neysla heimila á gistipjónustu er 15,4% af tekjum í gistipjónustu. Lægst var hlutfall heimila í hótलगistingu eða 4,8% en rúmlega 90% í leigu á orlofsíbúðum og sumarbústöðum.

2) Útgjöld fyrirtækja vegna gistipjónustu

Útgjöld fyrirtækja vegna gistipjónustu í tengslum við ferðir starfsmanna á þeirra vegum eru áætluð út frá dagpeningum samkvæmt samræmdu skattframtali og út frá framtöldum dagpeningum einstaklinga í skýrslum ríkisskattstjóra. Framtaldir dagpeningar einstaklinga skiptast milli dagpeninga innanlands og dagpeninga erlendis. Niðurstöður úr könnun á útgjöldum Íslendinga á ferðalagi innanlands gaf færi á að skipta dagpeningum innanlands milli gisti- og veitingaþjónustu. Jafnframt var stuðst við upplýsingar sem bárust frá starfandi fyrirtækjum í gisti- og veitingahúsarekstri um hlutfall Íslendinga í viðskiptaerindum í viðskiptahópi viðkomandi fyrirtækis. Niðurstaðan er að kaup fyrirtækja á þessari þjónustu vegna ferða starfsmanna var um 7,2% af heildareftirspurn 2003.

3) Útgjöld hins opinbera vegna gistipjónustu

Útgjöld ríkissjóðs vegna gistipjónustu eru byggt á bókhaldsgögnum ríkissjóðs vegna ferða ríkisstarfsmanna en þau skiptast í dagpeninga innanlands og erlendis. Dagpeningum innanlands er síðan skipt niður á gistingu og veitingar í sömu hlutföllum og koma fram í könnunum sem Rannsókn og ráðgjöf ferðaþjónustunnar tók saman fyrir Hagstofuna. Hvað sveitarfélögin varðar eru upplýsingar um útgjöld þeirra til gistipjónustu áætluð á grundvelli upplýsinga úr bókhaldi Reykjavíkurborgar, tiltækum upplýsingum úr gagnagrunni Sambands Íslenskra sveitarfélaga og framtöldum dagpeningum einstaklinga úr skýrslum ríkisskattstjóra. Niðurstaða greiningar á útgjöldum hins opinbera vegna gistipjónustu var að um 5,2% af heildareftirspurn ársins 2003 var af þessum toga.

¹ Þessar heimildir byggjast á úrtaki eða RÚH (Household Expenditure Survey, HES) Hagstofu Íslands þar sem ákveðinn fjöldi heimila heldur bókhald yfir útgjöld sín yfir ákveðið tímabil.

Rammi 1 (framhald): Frekari lýsing á greiningu ferðaútgjalda í gistiþjónustu

4) Neysla erlendra ferðamanna á gistiþjónustu

Kaup erlendra ferðamanna á gistiþjónustu byggjast aðallega á upplýsingum úr könnunum RRF en jafnframt var stuðst við upplýsingar úr gistináttaskýrslum Hagstofu Íslands. Meðalverð var reiknað út frá veltu- og gistináttafjölda helstu fyrirtækja ásamt beinum upplýsingum frá fyrirtækjum í gistihúsarekstri. Mismunandi athuganir studdu og staðfestu ágætlega hver aðra. Niðurstaða um neyslu erlendra ferðamanna á gistiþjónustu var að rúmlega 72% af heildareftirspurn á árinu 2003 tengdist neyslu erlendra ferðamanna.

4) Útgjöld annarra

Útgjöld annarra en ferðamanna vegna gistiþjónustu eru útgjöld aðila sem eru í hversdagsumhverfi (sbr. viðauki 1), samanber útgjöld brúðhjóna og vinnuflokka en þess háttar útgjöld flokkast ekki með ferðaútgjöldum.

Reiknuð húsaleiga vegna sumarhúsa nýtur nokkurrar sérstöðu innan ferðaþjónustureikninga þar sem ekki er um bein útgjöld að ræða heldur reiknaða neyslu á ferðaþjónustu. Í aðferðafræði ferðaþjónustureikninga er mælt með að bæði framboð (framleiðsluvirði) og eftirspurn (ferðaútgjöld) ferðaþjónustu taki með þann fórnarkostnað sem felst í því að reka og eiga sumarbústað svo fremi sem sumarbústaðurinn sé ekki skilgreindur sem hversdagsumhverfi (sjá hluta níu).

Mælt er með að beitt sé sömu aðferðum og í hinu alþjóðlega reikningskerfi þjóðhagsreikninga, þ.e. að framleiðsluvirði sumarhúsa sé áætlað út frá leiguígildi sumarbústaða hvort sem eigendur noti þá sjálfur eða leigja út. Í einkaneyslu-uppgjöri þjóðhagsreikninga er eigin leiga á sumarbústöðum hér á landi áætluð 0,8% af áætlaðri markaðsleigu alls íbúðarhúsnæðis í landinu. Þetta hlutfall byggir á hlutfalli sumarhúsa í endurstofnverði íbúðarhúsnæðis í tölum Fasteignamat ríkisins og áætluðum notkunartíma (e. *occupation time*) að hámarki 3 mánuðir.

Við gerð þeirra ferðaþjónustureikninga sem hér eru kynntir, var ákveðið að taka ekki tillit til notkunartíma heldur reikna eiginleigu á sumarbústöðum sem 2,5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis til samræmis við meginreglur alþjóðlegrar aðferðafræði á þessu sviði. Ógerlegt er að finna út tíðni og dvalarlengd ferða í sumarhúsum en þar sem þessi þáttur skiptir töluverðu máli við uppgjör á ferðaþjónustu þótti rétt að fylgja alþjóðastöðlum. Í ferðavenjukönnun Hagstofunnar frá 1996 kom fram að 27% ferða var í sumarhús í einkaeigu og í rannsókn á útgjöldum heimila kemur fram að útgjöld vegna leigu á sumarhúsum nema 41% af útgjöldum vegna gistingar á árinu 2003.¹

2. Veitingaþjónusta

Heimildir varðandi neyslu á veitingaþjónustu eru upplýsingar úr RRF og RÚH. Einnig er stuðst við upplýsingar um dagpeninga samkvæmt samræmdu skattframtali og framtalda dagpeningua einstaklinga í gögnum frá Ríkisskattstjóra. Þá var stuðst við upplýsingar sem bárust frá starfandi fyrirtækjum í gisti- og veitingahúsarekstri.

Aðferðir: Neysla á veitingaþjónustu var sundurliðuð eftir tegund ferðamanna eins og gert var við gistiþjónustu og var ýmsum aðferðum beitt eins og lýst er í ramma 2. Meginniðurstaðan var að ferðaþjónustuhlutfall í veitingaþjónustu reyndist vera rúmlega 28% af heildarveltu í veitingaþjónustu á markaðsvirði.²

¹ Í töfluverki ferðareikninga kemur reiknuð leiga fram sem framleiðsluvirði í atvinnugrein 70.20.1 „Leiga íbúðarhúsnæðis“ og sem neysla á gistiþjónustu innanlands.

² Velta á markaðsverði í eftirtöldum atvinnugreinum: 55.30.1 Matsölustöðum, 55.30.2 Skemmtistaðir með matsölu, 55.40 Krám, kaffihúsum og dansstöðum og veitingum í hótellekstri.

Rammi 2: Frekari lýsing á greiningu ferðaútgjalda í veitingaþjónustu

1) Ferðaútgjöld heimila vegna veitingaþjónustu

Helsti vandinn við mat á ferðaútgjöldum heimila á veitingaþjónustu var öflun haldgóðra upplýsinga, en tiltækar kannanir gáfu þó vísbendingar um hlutfall veitingaþjónustu á móti t.d. gistiþjónustu. Mismunandi athuganir voru vegnar og metnar þar til fékkst trúverðugt neysluhlutfall heimilanna á veitingaþjónustu á ferðalagi um Ísland. Niðurstaðan var að ferðaútgjöld heimila á veitingaþjónustu voru áætluð um 38,2%.

2) Útgjöld fyrirtækja og hins opinbera vegna veitingaþjónustu

Hér eins og við greiningu á útgjöldum fyrirtækja vegna ferða starfsmanna í þeirra þágu var stuðst við upplýsingar um dagpeninga sem hægt var að greina frekar niður í innlenda og erlenda dagpeninga. Niðurstöður úr könnun á útgjöldum innlendra aðila á ferðalagi innanlands gaf færi á að skipta dagpeningum milli innlendarar gisti- og veitingaþjónustu. Einnig var hægt að greina hlutfall innlendra ferðamanna sem voru í viðskiptaerindum. Meginniðurstaða var að kaup fyrirtækja og hins opinbera á veitingaþjónustu vegna ferða starfsmanna var um 11,4 % af veitingaþjónustu ársins 2003.

3) Útgjöld erlendra ferðamanna vegna veitingaþjónustu

Útgjöld erlendra ferðamanna á veitingaþjónustu voru rúmlega 50,4% af ferðaþjónustu innanlands árið 2003 og eru þær niðurstöður fengar með könnunum.

3. Þjónusta ferðaskrifstofa

Heimildir varðandi þjónustu ferðaskrifstofa eru upplýsingar frá RRF og samtöl og beinar upplýsingar frá starfandi aðilum í atvinnugreininni, s.s. Ferðaskrifstofu Íslands, Terra Nova Sól, Kynnisferðum, Katla DMI og Atlantik, svo einhverjir séu nefndir.

Aðferðir: Starfsemi ferðaskrifstofa er að sjálfsögðu að öllu leyti þjónusta við ferðamenn, þannig að ferðaneysluhlutfall í þessari atvinnugrein er 100%. Við greiningu á umsvifum ferðaskrifstofa innanlands þarf að hafa í huga að hluti af þjónustu ferðaskrifstofa snýr að innflutningi á ferðaþjónustu, þ.e.a.s. sölu á t.d. ferðum til útlanda. Þetta er m.ö.o. innflutt ferðaþjónusta sem kemur ekki fram í umsvifum ferðaþjónustufyrirtækja innanlands. Til að meta þá þjónustu ferðaskrifstofa sem tilheyrir ferðaþjónustu innanlands, er innflutt ferðaþjónusta dregin frá veltu ferðaskrifstofa og jafnframt er framleiðsluvirði lækkað til að koma í veg fyrir tvítalningu vegna viðskipta við önnur ferðaþjónustufyrirtæki innanlands. Helsta uppspretta upplýsinga við þessa greiningu kom frá starfandi fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Gert var ráð fyrir að um 60% af umsvifum ferðaskrifstofa sé innflutt ferðaþjónusta (eða greiðsla til erlendra aðila sem veita þjónustuna erlendis). Það sem eftir stendur tengist þjónustu við (erlenda sem innlenda) ferðamenn hér á landi og þjónustu við innlenda ferðamenn á leið til útlanda.

Niðurstaðan er að hlutfall heimila í innanlandsferðaþjónustu ferðaskrifstofa var 51% árið 2003, hlutfall fyrirtækja og hins opinbera í veltu ferðaskrifstofa 12% og hlutfall erlendra ferðamanna 37,5%.

4. Farþegaflutningar með flugi

Heimildir um farþegaflutninga með flugi eru fyrst og fremst upplýsingar beint frá starfandi aðilum í atvinnugreininni eins og Icelandair, Iceland Express og Flugfélag Íslands. Upplýsingar úr samræmda skattframtalinu og úr reikningum ríkissjóðs og sveitarfélaga hafa einnig verið nýttar. Þá eru mikilvægar upplýsingar úr RÚH könnunum og gagnasafni Seðlabanka Íslands.

Aðferðir: Á grundvelli ofangreindra heimilda eru fargjaldatekjur íslenskra fyrirtækja í flugsamgöngum áætlaðar og flokkaðar á ferðamannahópa. Þannig eru útgjöld innlendra ferðamanna brotin niður á (1) heimilin, (2) starfsmenn fyrirtækja,

velferðastofnana og hins opinbera og (3) erlenda ferðamenn. Meginniðurstaðan er að ferðaneysluhlutfall í flugrekstri er rúmlega 50% af heildarveltu flugrekstrar eða rúmlega 73% af veltu í áætlunarflugi en 10% í leigu- og öðru þjónustuflugi.¹

Af veittri flugþjónustu er eftirspurn heimilanna 37%, fyrirtækja og hins opinbera 8% og erlendra ferðamanna 55%.² Af veittri flugþjónustu við ferðamenn innanlands er eftirspurn heimilanna um 9%, fyrirtækja og hins opinbera rúmlega 8% og erlendra ferðamanna ríflega 83%. Af veittri flugþjónustu við ferðamenn á leið til útlanda er eftirspurn heimilanna ríflega 60%, fyrirtækja og hins opinbera rúmlega 9% og afgangurinn er þjónusta við erlenda ferðamenn sem millilenda hér á landi.

5. Farþegaflutningar á landi

Heimildir um farþegaflutninga á landi eru fyrst og fremst upplýsingar beint frá starfandi aðilum í atvinnugreininni eins og Strætó bs, Guðmundi Jónassyni, Teiti Jónssyni, Hagvögnum, Hópbílum, Iceland Excursion og Hreyfli Bæjarleiðum. Einnig upplýsingar úr samræmda skattframtalinu. Þá eru mikilvægar upplýsingar um veltu erlendra greiðslukorta hérlendis.

Aðferðir: Erfitt er að draga fram haldgóðar upplýsingar um farþegaflutninga á landi. Helsta uppspretta upplýsinga er eins og áður segir beint frá starfandi fyrirtækjum í akstri strætisvagna, akstri leigubíla og öðrum farþegaflutningum á vegum. Upplýsingar um hlutfall ferðamanna í almenningssamgöngum liggja t.a.m. ekki fyrir. Einnig eru mörg starfandi fyrirtæki í farþegaflutningum á landi í afar blönduðum rekstri. Samhliða ferðaðþjónustu stunda þau vöruflutninga, skólaakstur, akstursþjónustu fyrir fatlaða og fyrirtæki. Önnur starfa eingöngu í ferðaðþjónustu en samhliða rútuþjónustu eru þau líka að útbúa pakkaferðir, veita gistiþjónustu og aðra þjónustu tengdri farþegaflutningum. Við greiningu á ferðahlutfalli þurfti að greina gögnin frekar. Fyrirtækin skiptu veltu niður á hina ýmsu hópa eins og mögulegt var og jafnframt var stuðst við erlenda greiðslukortaveltu til að nálgast vægi erlendra ferðamanna í heildarumsvifum.

Meginniðurstaðan var að ferðaneysluhlutfall í farþegaflutningum á landi var tæplega 47% af heildarveltu greinarinnar á markaðsvirði. Af veittri þjónustu þessarar atvinnugreinar var eftirspurn heimilanna 21%, fyrirtækja og hins opinbera 1% og erlendra ferðamanna 78%.

6. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum

Heimildir um aðra þjónustu tengda farþegaflutningum eru upplýsingar beint frá starfandi aðilum eins og Speli, Ölp, Sæferðum og Jökulsárlóni. Einnig upplýsingar úr samræmda skattframtalinu, RRF og RÚH könnunum.

Aðferðir: Hér undir fellur afar fjölbreytt starfsemi sem hefur m.a. það hlutverk að styðja við aðra starfsemi sem tengist ferðaðþjónustu innanlands, s.s. þjónusta við flutninga á lofti, rekstur flugstöðva, vegaðþjónusta (s.s. rekstur Hvalfjarðargangna),

¹ Flugrekstur á Íslandi hefur tekið miklum breytingum á undanföllum árum. Starfandi fyrirtækjum í flugrekstri hefur verið skipt upp, ný fyrirtæki stofnuð yfir starfsemi sem áður var hluti af hefðbundnum þáttum í flugrekstri. Fyrirtæki hafa flutt starfsemi erlendis og erlend fyrirtæki hafa hafið eða fjölgað flugum til landsins. Mikill vöxtur hefur verið á leiguverkefnum fyrir erlend flugfélög og ferðaskrifstofur erlendis, bæði í farþegaflutningum og vöruflutningum og í útleiga á flugvélum. Þetta gerir greiningu á hlut ferðaðþjónustu hér innanlands flókna.

² Hafa verður í huga að stór hluti innlendri flugþjónustu er flutningur íslenskra ferðamanna til annarra landa. Erlendum ferðamönnum á leið til annarra landa sem eingöngu millilenda hér á landi hefur fjölgað mikið á undanföllum árum. Hægt er að skipta útgjöldum ferðamanna vegna flugþjónustu eftir því hvort þeir ferðast innanlands eða til útlanda.

bílavíðgerðir, viðhald bíla og vélhjóla, báta- og skipaleiga, leiga á skíðum, skautum og ýmsum afþreyingartækjum, þjónusta tengd flutningum á sjó og vatnaleiðum, bensínútgjöld og síðast en ekki síst bílaleigur. Þessi fyrirtæki geta verið í starfsemi sem sinnir ferðamönnum að mestu (s.s. bílaleigur) eða eingöngu fyrirtækjum í vöruflutningum eða allt þar á milli.

Útgjöld ferðamanna vegna kaupa á bensíni koma úr tiltækum könnunum meðal ferðamanna. Hlutföll milli bensínnotkunar og viðgerða á ökutækjum eru fengin í RÚH. Útgjöld um skiptingu ferðamanna sem fóru um Hvalfjarðargöngin voru unnin í samvinnu við starfsmenn Spalar og upplýsingar um viðskiptamannahóp bílaleiga var unnin í samvinnu við rekstraraðila í greininni. Útgjöld ferðamanna vegna farþegaflutninga á vatnaleiðum voru unnin í samvinnu við stærstu fyrirtækin á því sviði. Til þess að ná hlut ferðamanna í öðrum atvinnu-greinum var stuðst við niðurstöður úr hinum ýmsu athugunum í tenglum við gerð ferðaðþjónustureikninga.

Meginniðurstaðan var að ferðaneysluhlutfall í annarri þjónustu tengdri farþegaflutningum var 33% af heildarveltu greinarinnar á markaðsvirði. Af veittri þjónustu þessarar atvinnugreinar var eftirspurn heimilanna 45%, fyrirtækja og hins opinbera 3% og erlendra ferðamanna 53%.

7. Menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi

Heimildir um menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi eru aðallega RRF og RÚH og sömuleiðis samræmda skattframtalið.

Aðferðir: Algengast er að afla upplýsinga um ferðaneyslu í menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi með úrtakskönnunum, en afar erfitt er að fá slíkar mælingar sundurliðaðar á hinar ýmsu tegundir afþreyingar, s.s. hestaleigur, golfvelli, skíðasvæði, heilsulindir, líkamsræktarstöðvar, skemmtigarða, söfn eða aðra menningar- og listastarfsemi. Í tiltækum könnunum koma fram upplýsingar um útgjöld ferðamanna til afþreyingar og eru það helstu heimildirnar í þessum þætti ferðaðþjónustunnar. Neyslukönnun Hagstofunnar, RÚH, gefur færi á að heimfæra hlutfallslega skiptingu útgjalda á þessu sviði.

Meginniðurstaðan var að ferðaneysluhlutfall í menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi var 24% af heildarveltu greinanna á markaðsvirði. Af veittri þjónustu þessara atvinnugreina 2003 var eftirspurn heimilanna 42% og erlendra ferðamanna 58%.

8. Ýmis verslun tengd ferðaðþjónustu

Heimildir um ýmsa verslun tengda ferðaðþjónustu eru RRF og RÚH og sömuleiðis samræmda skattframtalið. Einnig hafa upplýsingar úr gagnasafni Seðlabanka Íslands og Iceland Refund verið nýttar.

Aðferðir: Það er vel þekkt að stór hluti útgjalda ferðamanna beinist að öðrum atvinnugreinum en einkennandi ferðaðþjónustugreinum. Í ferðareikningum er veitt ákveðið svigrúm til að taka með þær vörur sem hafa mikið vægi í útgjöldum ferðamanna. Af þeim vörutegundum sem erlendir ferðamenn fá endurgreiddan virðisaukaskatt vega ullarvörur, minjagripir og bækur hlutfallslega mest eða rúmlega 40%. Vægi íþrótt- og útivistarvara er um 23% og fatnaður og skófátnaður um 18%. Á síðari árum hafa endurgreiðslur vegna úra og skartgripa farið vaxandi. Niðurstöður kannana sýna jafnframt að útgjöld vegna drykkja- og matvæla hafa töluvert vægi.

Meginniðurstaðan var að ferðaneysluhlutfall í ýmissi verslun tengdri ferðþjónustu var 27% af heildarveltu þeirra greina á markaðsvirði árið 2003. Af veittri þjónustu þessara atvinnugreina var eftirspurn heimilanna 55% og erlendra ferðamanna 45%.

9. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn

Í aðferðafræði TSA er gert ráð fyrir að taka með útgjöld ferðamanna vegna kaupa á trygginga- og fjármálaþjónustu. Engar upplýsingar eru til um þessi útgjöld og afar erfitt að meta að þessu sinni.

English summary

Statistics Iceland has published for the first time Tourism Satellite Accounts for Iceland. The main results show that the tourism share of GDP was on average 4.6% during the period 2000–2006 and the total domestic tourism consumption was 135 billion ISK in 2006 or 11.5% of GDP. There of the inbound tourism consumption was 6% of GDP, the households' tourism consumption 4.8%, and the business and government tourism consumption 0.7%.

In 2006, the consumption of air transport services was 37% of the total domestic tourism consumption or 50 billion ISK. The consumption of hotel, food and beverage services 19.3% of the total or 26 billion ISK and equally distributed between these two industries. The share of the domestic travel agency service was 5.7% of the total or 7.7 billion ISK. The sale of automotive fuel, retail and repairs amounted to 7.3 billion ISK in 2006 and the amount of other supportive transport activities was 12.4 billion ISK. The tourists' expenditure on cultures, recreation and entertainment was 5.2 billion ISK in 2006 and the tourism retail services was 16.7 billion ISK.

The number of foreign tourists visiting Iceland in 2007 was 485 thousand compared with 303 thousand in 2000. The increase was 60% during this period. The number of overnights by foreign tourists has increased continuously during this period or by 51% from 2000.

Tafla 3. Hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu 2000–2006Table 3. *Tourism share of gross domestic product 2000–2006*

Verðlag hvers árs, í milljónum króna <i>Current prices, in million ISK</i>	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Vinnsluvirði í ferðaþjónustu á grunnvirði <i>Tourism gross value added at basic prices</i>	26.327	30.908	35.255	29.977	31.487	32.587	36.185
Skattar á ferðaþjónustu <i>Taxes on tourism products</i>	6.515	7.904	8.114	8.839	9.469	10.439	11.454
Vinnsluvirði í ferðaþjónustu á markaðsvirði <i>Tourism gross value added at market prices</i>	32.842	38.812	43.369	38.816	40.955	43.025	47.639
Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic production</i>	683.747	771.893	816.450	841.322	928.889	1.026.397	1.167.887
Hlutur ferðaiðnaðar af vergri landsframleiðslu <i>Tourism share of gross value added</i>	4,8	5,0	5,3	4,6	4,4	4,2	4,1
Prósntubreytingar milli ára							
<i>Percentage changes between years:</i>							
Vinnsluvirði í ferðaþjónustu á grunnvirði <i>Tourism gross value added at basic prices</i>		17,4	14,1	-15,0	5,0	3,5	11,0
Skattar í ferðaþjónustu <i>Taxes on tourism products</i>		21,3	2,7	8,9	7,1	10,2	9,7
